

Ferðamálaráð Íslands
662. fundur haldinn fimmtudaginn 14. október 2004 kl. 9:00
Hótel Kirkjubæjarklaustur

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Gunnar Sigurðsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hlynur Jónsson, fulltrúi SAF
Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerðir 659., 660. og 661. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðir samþykktar

2. Þjónusta utan háannatíma

Kveikjan að umræðunni var bréf sem Pétur Óskarsson frá Katla Travel hafði unnið varðandi skort á þjónustu við ferðamenn eftir að háönn lýkur. Þar er bent á fjölmörg atriði sem ekki síst snúa að þjónustu opinberra aðila á svæðunum. Miklar umræður urðu um málið og var ákveðið að fá leyfi Péturs til að senda umrætt bréf til sveitarfélaga og ferðamálafulltrúa og vekja athygli þeirra á þessu máli.

3. Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs

Fyrir fundinn höfðu verið sendar út tillögur umhverfisfulltrúa og ráðsmenn beðnir að taka afstöðu til þeirra. Niðurstaðan var sú að veita Ferðapjónustu bænda og Félagi ferðapjónustubænda umhverfisverðlaun ráðsins fyrir árið 2004.

4. Önnur mál

- a)** Ferðamálastjóri fór yfir ýmsar upplýsingar úr starfsemi ráðsins síðustu vikur.
- b)** Formaður lagði til að reynt yrði að koma á fundi með samgöngunefnd Alþingis. Það var samþykkt.
- c)** Forstöðumaður markaðssviðs fór yfir tölfræði fyrstu níu mánaða ársins hvað varðar komu erlendra gesta til landsins.
- d)** Spurt var um tillögur í fjárlagafrumvarpi hvað varðaði ferðamál. Ferðamálastjóri fór yfir það. En þar er fyrst og fremst ein breyting, gerð er tillaga um 170 milljónum lægri upphæð til markaðssetningar en var árið 2004.
- e)** Spurt var um vinnu samráðsnefndar SAF og FMR um sýningar. Forstöðumaður markaðssviðs gerði grein fyrir þeirri vinnu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 10:15